

# Dómaranefnd KSÍ



## Fyrirmæli um meðferð meiddra leikmanna 2016

KSÍ hefur ákveðið neðangreint verklag varðandi ákvæði sem gilda um meðferð meiddra leikmanna.

Þegar leikmenn verða fyrir meiðslum, skal dómari áætla hafa öryggi þeirra í fyrirrúmi. Að fengnu leyfi dómars er 1-2 sjúkramenntuðum aðilum úr meiðslateymi viðkomandi liðs (læknum og/eða sjúkraþjálfurum) heimilt að koma inn á völlinn til þess eins að meta meiðsli leikmanns, enda séu þeir merktir sem slíkir á leikskýrslu. Í því tilfalli þegar ekki er sjúkramenntaður aðili á leikskýrslu viðkomandi liðs er einum forráðamanni heimilt að koma inn á völlinn til þess að sinna störfum hans.

Dómari ber að kalla til hjálps meiðslateymisins svo fljótt sem auðið er. Meðhöndlun meiðsla fer ekki fram á leikvelli nema í undantekningartilfellum (sjá neðar). Viðkomandi aðilar skulu einungis sinna meiðslum leikmanns en alls ekki ræða atvik leiksins við dómara, stofna til fundarhalda með leikmönnum eða sinna öðrum erindum. Ef forráðamenn liða fara ekki að þessum fyrirmælum ber að líta á það sem óíþróttamannslega framkomu og áminna viðkomandi.

Dómari kannar hvort leikmaður geti farið sjálfur af leikvelli, en lætur ella bera hann út á sjúkrahöndum. Börumenn eiga ekki að koma inn á völlinn fyrr en dómari kallar þá til. Þeim ber hins vegar ávallt að vera tilbúnir um leið og meiðslateymið fer að sinna meiðslum leikmanns.

Í Pepsi-deild karla, 1. deild karla og Bikarkeppni KSÍ (frá 32 liða úrslitum karla) fær meiddur leikmaður ekki meðferð á leikvelli og skal hann fara út fyrir leikvöll til meðferðar.

Undantekning skal þó gerð í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar markvörður á í hlut.
- Þegar útileikmaður á í hlut og markvörður fær einnig meðhöndlun á sama tíma.
- Þegar dómari telur að meiðsli séu alvarleg, t.d. höfuðmeiðsli.
- Þegar tveir leikmenn sama liðs meiðast í samstuði hvor við annan.

Í öðrum leikjum í meistaraflokki karla og kvenna og í 2. aldursflokki er hins vegar leyfð stutt meðferð á leikvelli, en leikmaður skal að henni lokinni fara út fyrir leikvöll.

Í þessu samhengi ber jafnframt að hafa í huga nýtt ákvæði 5. greinar knattspyrnulaganna, þar sem segir: "*Leikmaður sem verður fyrir meiðslum vegna brots sem leiðir til guls eða rauðs spjalds á mótherjann má fá stutta aðhlyningu inni á leikvöllinum án þess að þurfa að yfirgefa leikvöllinn að henni lokinni*"

### Höfuðmeiðsl og grunur um heilahristing

Komi upp grunur um að leikmaður hafi hlotið heilahristing ber dómara að stöðva leikinn þegar í stað (með tilvísun til 5. greinar knattspyrnulaganna) og kalla til meiðslateymi viðkomandi liðs. Miða skal við að meðhöndlun á leikvöllinum standi undir eðlilegum kringumstæðum helst ekki lengur en í u.þ.b. þrjár mínútur. Leikmaðurinn fari síðan út af leikvöllinum í fylgd meiðslateymisins.

Vegna alvarleika heilahristings má leikmaðurinn einungis koma aftur inn á leikvöllinn eftir að dómari hefur gengið eftir samþykki meiðslateymis viðkomandi liðs (eða forráðamanns í þeim leikjum þar sem ekki er gerð krafa um viðveru sjúkramenntaðra aðila). Mikilvægt er að þessi háttur sé hafður á, svo ákvörðun um leikhæfi viðkomandi leikmanns sé örugglega tekin af þeim aðilum sem bera ábyrgð á heilsu leikmannsins.